

Kubbi

Íþróttafélag eldri borgara Ísafjarðarbæ.

Stofnað 31.mars 2011.

Ársskýrsla 2021

Ársskýrsla stjórnar

Kubba íþróttafélags eldri borgara Ísafjarðarbæ

fyrir árið 2021.

Strax í upphafi árs hófst starfið með æfingum í Boccia og sundleikfimi.

Boccia:

Árið 2021 í byrjun janúar hófust boccia-æfingar og var mæting nokkuð góð 12 – 22 á æfingu þegar flestir mættu. Höfðum við sama háttinn á og á fyrri árum þrjár æfingar í viku þ.e. mánudaga, miðvikudaga og föstudaga í Íþróttahúsinu á Torfnesi, En svo fór að þann 23.mars þurftum við að hætta æfingum vegna samkomubanns þar sem Covid-19 hafði þá smitast víða.

Þann 16.apríl gátum við byrjað að nýju, en þá með grímur, hanska og spritt vegna sóttvarna og héldum við út til 14.maí með æfingarnar.

Við héldum okkar árlega Góumót í Boccia dagana 17. og 19.mars , var það innanfélagsmót að þessu sinni vegna Covid-19. Til keppni voru skráð 7 lið. Stjórnandi æfinga fyrri hluta ársins (jan.- maí) var Jens Kristmannsson.

Æfingar hófust að nýju þann 4.október og voru viðhafðar allar varúðar ráðstafanir vegna smitvara til 16,desember. Stjórnandi síðari hluta ársins var Kristján S. Kristjánsson.

Að þessu sinni tókst okkur að fara á jólasmurbrauð ásamt mökum að þessu sinni í Edinborgarhúsinu.

Sund:

Sundtíma fengum við í Sundhöll Ísafjarðar tvisvar í viku. Á æfingum er að jafnaði 15 til 20 manns aðallega konur, karlar eru líka velkomnir.

Covit-19 hafði líka áhrif á sundæfingarnar þar sem fjöldatakmörk voru 10 manns. Til að mæta því var brugðið á það ráð að skipta hópnum í tvennt þannig hvor hópur fékk æfingu einu sinni í viku. Eins og undan farin ár var stjórnandi sundleikfiminna Rannveig Pálsdóttir.

Púttvöllurinn:

Púttvöllurinn leit vel út eftir veturinn, það var því nokkuð snemma, sem þessi venjulegu vorverk voru drifin af, af félögum í Golfklúbbi Ísafjarðar. Rista, sanda, sá og borið á. Völlurinn var svo tilbúinn og opnaður 2.maí. Dagleg umsjón og opnu og lokun var í höndum þeirra Reynis Péturssonar og Finns Magnússonar. Um helgar voru þaðfélagar úr Kubba, sem sáu um opnun og lokun vallarins.

Pútt:

Sumarið 2021 voru haldin 6 púttmót á vegum félagsins, að viðhöfðum tilskyldum sóttvarnarreglum. Öll púttmót félagsins enda á verðlaunaafhendingu og kaffiveitingum, sem að jafnaði eru í höndum stjórnarkvenna. Púttmótin sem haldin voru þetta árið voru: Opnunarmót, Héðinsmót, Skemmti- og Plaknamót, Paramót, Fyrirtækjamót og Lokamót. Íslandmót Pútt 60+ átti að halda hér á Ísafirði í ágúst, en því var frestað til ágúst 2022 vegna Covid 19, þar sem ekki var talið að unnt yrði að tryggja og sóttvarnarreglur yrðu haldnar. Heimsóknir á völlinn frá 2.maí til 16.október þegar honum var lokað voru 1424 skráðir í gestabók. Nokkuð víst er að ekki hafa allir skráð komu sína eins mæta sumir tvisvar sama daginn. Völlurinn var opin 169 daga og að jafnaði voru því gestir 259 á mánuði eða um 2.5 á dag. Nýr félagi kom og stundaði Pútt-æfingar vel og varð eftir sumarið Púttmeistari eldri borgara þ.e. Elías Sveinsson.

Leikjadagur:

Við buðum til leikjadags að nýju í samvinnu við Félag eldri borgara á Ísafirði, var mæting eldri borgara mun betri en árið áður enda mun betra veður. Skemmtu menn og konur sér í Pútti, Boccia og Stívélakasti auk þess að boðið var uppá kaffi og kleinur. Af þessu varð hin ágætasta skemmtun og er vonandi að þetta verði árlegur viðburður.

Landsmót UMFÍ 50+:

Landsmót UMFÍ 50+ sem vera átti í Borgarnesi var enn á ný frestað og þá til 20.ágúst, en svo var því líka fresta vegna covid 19 og er áformað að það verði haldið í júní 2022.

Fjáraflanir:

Að venju var aðalfjáröflun félagsins Fyrirtækjamótið í Pútti, sem haldið var í september. 20 fyrirtæki tóku þátt með greiðslu þátttökugjalds. Að þessu sinni voru tveir aðilar sem sendu sína keppendur, en félagar úr Kubba kepptu fyrir aðra. Sigurvegari að þessu sinni varð Púttmeistari Kubba, Elías Sveinsson og keppti hann fyrir Orkubú Vestfjarða, sem varðveitir farandbikarinn fram að næsta móti. Á skildi sem festur er á bikarinn er skráð nafn fyrirtækisins og keppanda ásamt ártali.

Lokaorð:

Á árinu var ekki mikið um bókaða stjórnarfundir vegna covid 19 þó voru haldnir 2 formlegir stjórnarfundir á árinu, en nokkrir óformlegir í tengslum við framkvæmd móta eða annarra viðburða.

Stjórn félagsins var þannig skipuð s.l. ár:

Formaður: Sigríður Þórðardóttir,

varaformaður: Finnur Magnússon,

ritari: Árný Oddsdóttir,

gjaldkeri: María Hagalínsdóttir,

meðstjórnandi: Kristján S. Kristjánsson.

Varastjórn: Reynir Pétursson, Gunnar Veturliðason, Gunnlaugur Gunnlaugsson.